

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 29/95
frá 19. maí 1995**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 94/58/EB frá 22. nóvember 1994 um lágmarksþjálfun sjómanna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 54. lið (tilskipun ráðsins 79/115/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„54a. 394 L 0058: Tilskipun ráðsins 94/58/EB frá 22. nóvember 1994 um lágmarksþjálfun sjómanna (Stjtið. EB nr. L 319, 12. 12. 1994, bls. 28).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 89 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 53, 29. 12. 1994, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 319, 12. 12. 1994, bls. 28.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/58/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. maí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker